

Mánudaginn 5. nóvember 1945.

Nr. 114/1944. Jóhann Þorsteinsson (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

bæjarstjóra Akureyrar f. h. Akureyrarbæjar

(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um heimilisfang.

### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Sigurði Egg-  
erz, bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sept.  
1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. s. m.,  
krefst þess, að heimilisfang hans verði talið á Litlu-Há-  
mundarstöðum í Árskógshreppi veturinn 1942—1943. Svo  
krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi  
stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og  
málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati  
dómsins.

Stefndi æskti í bréfi 18. febr. 1944 samkvæmt lögum nr.  
95/1936 úrskurðar lögreglustjóra Akureyrar um heimilis-  
fang áfrýjanda „veturinn 1942—1943“. Í bréfinu getur hann  
þess, að útsvar hafi verið lagt á áfrýjanda á Akureyri vorið  
1943, en áfrýjandi hafi neitað að greiða það, með því að  
hann telji sig eiga heimili í Rauðuvík í Árskógshreppi, en  
heimilisfang hans þar kveður stefndi aðeins muni vera til  
málamynda. Hafi áfrýjandi flutzt til Akureyrar síðari hluta  
árs 1942 og átt þar heimili og stundað þar atvinnu síðan.  
Frekari grein gerir stefndi ekki fyrir málinu í bréfi þessu,  
og eigi lætur hann nein gögn fylgja því, er hann reisi álit  
sitt á, sbr. 6. og 8. gr. laga nr. 95/1936.

Lögreglustjóri Akureyrar tók lauslega skýrslu af áfrýj-  
anda í lögreglurétti 29. febr. 1944. Ekki innti hann áfrýj-  
anda eftir því, hvar hann teldi heimilisfang sitt hafa verið  
veturinn 1942—1943, og leiðbeindi honum ekki um kröfu-  
gerð í málinu. En eins og þegar hefur verið getið, telur  
áfrýjandi hér fyrir dómi, að heimili sitt hafi verið á Litlu-

Hámundarstöðum á þessum tíma, en í héraði virðast bæði stefndi og héraðsdómari hafa gert ráð fyrir, að áfrýjandi teldi sig hafa þá verið heimilisfastan í Rauðuvík í Árskógshreppi. Ekki aflaði héraðsdómari neinna frekari gagna í málinu, en reisir úrskurð sinn á skýrslu áfrýjanda einni saman. Var þó brýn þörf á að kveðja bæjarstjóra Akureyrar fyrir rétt, láta hann afmarka nánar tíma þann, sem krafa hans miðast við, kynna honum skýrslu áfrýjanda og veita honum kost á að gera athugasemdir við hana.

Svo átti lögreglustjóri og með atbeina stefnda, eftir því sem ástæður lágu til, að afla ýtarlegri gagna um dvöl áfrýjanda á Akureyri frá 9. nóv. 1942 til 1. maí 1943, svo sem hvar hann hafi verið þar til húsa, hvort hann hefði haft herbergi þar á leigu, og ef svo var, um hve langan tíma leigumálinn hafi verið, hvar hann hafi haft fæði og hvernig háttað hafi verið starfi hans hjá Bifreiðastöð Akureyrar og hvort hann hafi ráðizt til hennar um tiltekinn tíma. Loks bar að rannsaka rækilega afstöðu áfrýjanda til Árskógshrepps á umræddum tíma. Í því skyni átti að krefja hreppsnefndaroddvita Árskógshrepps skýrslna, en hann hefur skýrt svo frá í nýjum skjölum, sem lögð hafa verið fyrir hæstarétt, að áfrýjandi hafi árin 1942 og 1943 rekið bú á  $\frac{1}{4}$  hluta jarðarinnar Litlu-Hámundarstaða og auk þess rekið útgerð frá útgerðarstöð sinni Naustavík í Árskógshreppi sumarið 1942.

Þar sem meðferð máls þessa í héraði er svo ábótavant, sem að framan getur, þykir ekki verða komizt hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til rækilegrar rannsóknar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Stefndi, bæjarstjóri Akureyrar f. h. Akureyjarbæjar, greiði áfrýjanda, Jóhanni Þorsteinssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Úrskurður lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 1. marz 1944.**

Samkvæmt framburði Jóhanns Þorsteinssonar fyrir lögreglurétti 29. febr. 1944 vann hann á B. S. A., Akureyri, frá 1. jan. 1942 til 15. apríl s. á. Herbergi hafði hann hér á Akureyri á þessu tímabili. Frá 15. apríl 1942 til 9. nóvember s. á. vann hann hingað og þangað í Árskógshreppi. Til Akureyrar kom hann 9. nóvember 1942 og vann þá aftur á B. S. A., Akureyri. 1943 greiddi hann útsvar í Árskógshreppi, kr. 600.00. Síðastl. nóvember segist hann hafa fengið útsvarsseðil kr. 400.00 frá Akureyribæ.

Samkvæmt þessu, sem að ofan er tekið fram, virðist lögheimili Jóhanns hafa verið veturinn 1942—1943 í Akureyribæ. Það heyrir ekki undir réttinn að ákveða, hvar greindur Jóhann hafi verið útsvarsskyldur.

Því úrskurðast:

Lögheimili Jóhanns Þorsteinssonar veturinn 1942—1943 var á Akureyri.

Mánudaginn 5. nóvember 1945.

Nr. 23/1944. **Bjarni Benediktsson** (Einar B. Guðmundsson) gegn

**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**  
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thorodd-  
sen og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað  
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd.  
Þórðar Eyjólfssonar.

Skattamál.

**Dómur hæstaréttar.**

Bjarni Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úr-